

Endanleg dagskrá og tillögur til hluthafafundar VÍS 14. júní 2023

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. hefur boðað til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, **miðvikudaginn 14. júní** 2023, auk þess sem gefinn er kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Fundurinn hefst kl. 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

- Kynning um sameiningu VÍS og Fossa fjárfestingabanka
- Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins
 - Tillaga um hækkun hlutafjár félagsins
 - Tillaga um breytingar á tilgangskvæði samþykka félagsins
- Önnur mál löglega fram borin.

Hluthöfum gafst kostur á að fá mál tekin fyrir á hluthafafundinn með því að leggja fram skriflega eða rafræna kröfu fyrir kl. 16:00 þann 4. júní sl., sbr. 12. gr. samþykka félagsins. Engin slík krafa hefur borist félaginu og því stendur dagskráin sem fylgdi fundarboði þann 24. maí sl. óbreytt.

Boðið verður upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað í gegnum **Lumi AGM**. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi smáforritið eða vefsíðu Lumi. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti. Hluthafar geta jafnframt lagt fram spurningar fyrir aðalfund með tölvupósti á netfangið stjorn@vis.is eða á aðalfundinum sjálfum.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins í höfuðstöðvum félagsins eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á **vefsíðu félagsins**. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á vefsíðunni <http://www.lumiconnect.com/meeting/visegm2023> eigi síðar en kl. 16.00 þann 12. júní, eða tveimur dögum fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á.

Upplýsingar um fundarboð, sem vísast til að öðru leyti en hér greinir, ályktunartillögur stjórnar og greinargerð með þeim, kynning vegna hluthafafundar, skýrslu stjórnar vegna hlutafjárhækkunar, umsögn löggilts endurskoðanda og skýrslu löggilts endurskoðanda, má finna á **vefsíðu félagsins**.

Önnur gögn vegna hluthafafundarins, s.s. ársskýrsla félagsins og enskar þýðingar fundargagna eru nú aðgengilegar á **vefsíðu félagsins**.